

Fornleifaskráning á Skansinum í Vestmannaeyjum

vegna lagningar háspennustrengs



September 2009

Katrín Gunnarsdóttir
fornleifafræðingur MA

Efni : Fyrirhuguð lagning sæstrengs gegnum Skansinn í Vestmannaeyjum.

Að beiði Guðmundar Ámundasonar hjá Verkís, fyrir hönd Landsnets, var mér Katrínu Gunnarsdóttir fornleifræðingi falið að gera grein fyrir fornminjum á því svæði sem fyrirhugaður sæstrengur á að liggja um þar sem hann kemur í land í Vestmannaeyjum. Var það með tilvísun til umsagnar Fornleifaverndar ríkisins vegna áðurnefndra framkvæmda, þar sem ekki hefur farið fram fornleifaskráning á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í Vestmannaeyjum.

Heildar skráning fornleifa hefur ekki farið fram í Vestmannaeyjum, en “Fornleifaskráning fyrir Vestmannaeyjar, Fyrri hluti - heimildir” var unnin af Bygðasafni Skagfirðinga Glaumbæ 2002. Skýrsla númer 10.¹

Sögulegt yfirlit

Árið 1930 lét Matthías Þórðarson þáverandi þjóðminjavörður friðlýsa “Skansinn hin gömlu mannvirki þar”² eins og segir á friðlýsingarskjali.

Þegar gaus í Vestmannaeyjum 1973, rann hraun yfir það svæði sem sæstrengurinn lá þá um. Samkvæmt viðtali við byggingarfulltrúann í Vestmannaeyjum 31/8 2009 hafði strengurinn þá verið tekinn í land austan við syðri hafnargarðinn og lagður í jörðu austan og sunnan við Skansinn, og eyðilagðist hann í gosinu.

Nýr strengur var því lagður 1975, og var hann lagður í jörðu austan syðri hafnargarðsins, upp brekkuna að Skansinum og grafinn niður í stíginn sem liggur í gegnum Skansinn. Það var þá eina færa leiðin fyrir strenginn vegna hraunsins sem lá þétt að svæðinu. Árið 2000 var aftur lagður strengur í gegnum sama stíg, og má vera að milli ársins 1975 og 2000 hafi verið grafið oftast í stíginn vegna annara strengja sem þar liggja. Niðurgröfturinn árið 2000 er um 1 m niður á strengina í stígunum. Því má svo bæta við að stígurinn er hellulagður þar sem hann fer í gegnum virkið og er um 3 m á breidd. Það verk unnið árið 2000.

Fyrirhugaður sæstrengur mun liggja austan við syðri hafnargarðinn þar sem áður var sjór og fjara, en hraunið rann alveg að austurlanghlið garðsins sem áður lá óhindraður fram í sjóinn. Á þessu svæði eru því engar fornleifar í hættu, en hugsanlega hafa einhverjar þeirra lent undir hrauninu sem þarna rann yfir.

Fyrirhugað er að nýi strengurinn liggi eins og fyrrnefndir strengir í gegnum stíginn sem áður hefur verið grafið í. Niðurgröftur fyrir nýja strenginn mun vera um 0.70 m, og breidd skurðarins um 2 m, en eins og fyrr segir þá er breidd stígsins um 3 m þar sem hann er breiðastur í gegnum hleðslur virkisins, en mjókkar lítillga í vestur þar sem hraunið þrengir að honum.

Samkvæmt samtali við Víglund Þorsteinsson hleðslumann 4/9 2009, segist hann hafa hlaðið upp aðalveggi virkisins sem nú standa. Þessi hleðsla var hlaðin 1992. Við endurhleðslu virkisins hafi verið reynt að gæta þess að hreyfa ekki við þeim hleðslum sem lágu undir jarðlínunni, og hafi það að mestu tekist nema að bein og nokkrir munir komu í ljós við norðausturhorn virkisins, og var það rannskað af Mjöll Snæsdóttur fornleifafræðingi.

¹ Katrín Gunnarsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir. “Fornleifaskráning fyrir Vestmannaeyjar, Fyrri hluti - heimildir”. Bygðasafn Skagfirðinga, Glaumbæ, 2002. Skýrsla númer 10.

² Ágúst Ó. Georgsson, 1990. Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Reykjavík.

Fornleifar á Skansinum.

Kornhóll

Saga

Kornhóll var einbýlisjörð með 2 kýrfóður, hét áður Höfn að talið er. Þar bjó árið 1704 umboðsmaður konungs yfir Vestmannaeyjum. Landskuld var þá engin. Var umboðsmaður með fé í Ystakletti og Bjarnarey (með leyfi). Lengi eftir það bjó þar verslunareigandi Garðsins og var þá oft einnig kalla Garðurinn, þótt það nafn ætti fremur við verslunarstaðinn.

Náttúrufar og jarðabætur

Kornhóll liggur sunnan við hafnarmynnið, í útsuður frá Heimakletti.

Bæjarhóll 182150-1-1

Sérheiti: Kornhóll

Tegund: Heimild 465

Staðhættir og lýsing

Kornhóll var eitt af býlunum í Heimaey. Árni Magnússon og Páll Vídalín telja að Kornhóll hafi áður verið býlið Höfn, sem stóð í túninu austan við Skansinn. Hafnarbærinn eyðilagðist er Skansinn var byggður. Um 1864 var Kornhóll kallaður Garðafjós eða Garðurinn.

Aðrar upplýsingar

Kornhóll var bændabýli þar til eftir Tyrkjaránið, að umboðsmaður konungs bjó þar og kaupmenn. Ystiklettur fylgdi Kornhóli og sagður tekinn af einhverjum umboðsmanni konungs frá Kirkjubæ, er séra Ormur var prestur þar. Kirkjubær fékk þá í staðinn, súlnaveiði í Brandi og á Geldingaskeri. Í Ystakletti var 50 sauða beit. Einnig átti Kornhóll leyfi fyrir 15 sauða beit á Elliðaey (Ellerey), en þar máttu vera 200 sauðir samtals frá eyjabændum. Hvarf undir Hraun árið 1973.

Heimildaskrá

Árni Magnússon, Páll Vídalín, 1913-1917. Vestmannaeyjar, bls. 3. Kaupmannahöfn.
Þorkell Jóhannesson, 1938. Örnefni í Vestmannaeyjum. Bls. 18, 21-22. Reykjavík. ³

Kumli

Árið 1968 komu í ljós leifar af kumli austan við Skansinn (Innskot Katrín Gunnarsdóttir: Samkvæmt samtali við Mjöll Snæsdóttur 27/8 2009, taldi hún að kumlið hafi verið um 50-60 m austur af hleðslum virkisins, en það svæði er nú undir hrauni). Gísli Gestsson gerði rannsókn í júlí sama ár. Kumlið var mjög skemmt af völdum skurðgraftar og flest bein færð úr stað. Þar fundust mannabein, hnífur og spjótfsalur. Hildur Gestsdóttir hefur rannsakað beinin og telur þau vera úr karlmanni um fimmtugt eða eldri.

Árið 1992 fundust enn mannabein við Skansinn, er unnið var þar með vélgröfu. Mjöll Snæsdóttir rannsakaði staðinn sama ár. Þar kom í ljós gröf á um 1.20 m dýpi. Af þeim hluta grafarinnar sem var óraskaður mátti sjá að hún hafði verið um 50-60 sm djúp og snúið austur-vestur, með höfuðið í vesturenda. Gröfin hafði verið tekin í gegnum landnámslagið og annað gjóskulag yngra.

Haugfé: Armabaugur snúinn saman úr tveimur þáttum, annar úr bronsi og hinn úr silfri.
Tvö brot úr beinkambi
Tveir steinar (eldtinnur?)

³ Katrín Gunnarsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir. "Fornleifaskráning fyrir Vestmannaeyjar, Fyrri hluti - heimildir". Byggðasafn Skagfirðinga, Glaumbæ, 2002. Skýrsla númer 10. Bls 54.

Steinn, glerhallur
Brot úr skærum
Nagli úr járni

Hildur Gestsdóttur telur líklegt að beinin séu úr konu, en aldur verður ekki ákvarðaður.⁴
(Innskot Katrín Gunnarsdóttir: Samkvæmt samtali við Mjöll Snæsdóttur 27/8 2009, sagði hún að beinin hefðu legið rétt norðan við norðausturhorn virkiveggsins að innanverðu.)

Hleðslur:

Í bókinni “Vestmannaeyjar byggð og eldgos” segir um Skansinn:

“Skansinn stendur enn að mestu, en skansinn og umhverfis hann eru miklar minjar um sögu Eyjanna. Þegar árið 1515, eða í tíð Kristjáns II. Danakonungs, var gefin út tilskipan um að gera gott vígi á Skansinum. Minna varð úr framkvæmdum en til stóð vegna yfirgangs og veldis Englendinga í Vestmannaeyjum. Árið 1586 fyrirskipaði Friðrik II að gera skyldi virki, en verslunarstjóri hans í Vestmannaeyjum Jens Hesselberg sá um gerð virkisins”.⁵

Eftir Tyrkjaránið árið 1627 kom einnig í ljós að Vestmannaeyingar þurftu nauðsynlega á vörnum að halda. Stjórnvöld hröðuðu viðgerðum á varnarvirkinu, Skansinum, sem var upprunalega byggt árið 1586 til að verja konungsverslunina í Eyjum ágangi breskra kaup- og sjómanna. Danskur herþjálfari var fenginn til að hafa umsjón með landvörnum frá Skansinum. Starf hans fól í sér að skipuleggja vökur á Helgafelli og að hafa gát á skipum. Hann átti einnig að stofna og þjálfa upp herlið heimamanna. Æfingar voru haldnar einu sinni í viku og voru allir byssufærir menn skyldaðir til þátttöku. Árið 1639 tók Jón Ólafsson Indíafari við stöðu byssuskyttu við Skansinn, og eftirmaður hans og síðasta byssuskytta Skansins var Gunnar Ólafsson. Vestmannaeyingar héldu vökur á Helgafelli fram yfir árið 1700.⁶

Niðurstöður:

Af heimildum má sjá að fyrstu virkishleðslur á Skansinum hafa verið hlaðnar 1586. Síðan má sjá á heimildum að eftir Tyrkjaránið 1627 hafi farið fram viðgerðir á virkinu. Ætla má, án þess að heimildir séu fyrir því, að endurhleðsla hafi verið gerð á virkinu í gegnum aldirnar alveg fram á þann dag er er Víglundur Þorsteinsson lagfærði hleðslur virkisins 1992. Þó má glögglega sjá eldri hleðslur í kantinum sem liggja meðfram stígunum (mynd 2) sem liggur í gegnum virkið, og einnig eru eldri hleðslur í brekkunni (mynd 3) upp að austurhlið virkisveggjarins sem hlaðinn var 1992, en ekki eru heimildir um hve gamlar þessar eldri hleðslur eru.

Vegna þeirrar röskunnar sem þegar hefur átt sér stað í og við virkishleðslurnar á Skansinum, má ætla að sú fyrirætlan að leggja háspennustreng í stíginn sem liggur í gegnum virkið, hafi ekki í för með sér að farið verði niður í óhreyfða jörð. Ef miðað er við að niðurgroftur leiðslunnar sem þarna á að leggja eigi að vera um 0.70 m og breidd skurðarins 2 m, en fyrri niðurgroftur er um 1 m og ætla má að breiddin hafi verið sú sama eða um 2 m, ætti framkvæmdin ekki að skaða meira en það sem þegar hefur átt sér stað á Skansinum í Vestmannaeyjum.

⁴ Kristján Eldjárn 2000. Kuml og Haugfé úr heiðnum sið á Íslandi. Bls. 44-45. 2. útg. Mál og menning 2000.

⁵ Guðjón Ármann Eyjólfsson 1973. Vestmannaeyjar Byggð og eldgos Bls. 37. Ísafoldarprentsmiðja hf. Rvík 1973

⁶ Heimaslóð, sögu-, menningar- og náttúrufarsvefur um Vestmannaeyjar sem rekinn er af Vestmannaeyjabæ.

Heimildir:

Ágúst Ó. Georgsson, 1990. Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Reykjavík.

Guðjón Ármann Eyjólfsson 1973. Vestmannaeyjar Byggð og eldgos. Bls. 37.

Ísafoldarprentsmiðja hf. Rvík 1973

Heimaslóð, sögu-, menningar- og náttúrufarsvefur um Vestmannaeyjar sem rekinn er af Vestmannaeyjabæ.

Kristján Eldjárn 2000. Kuml og Haugfé úr heiðnum sið á Íslandi. Bls. 44-45. 2. útg. Mál og menning 2000.

Katrín Gunnarsdóttir. Sigríður Sigurðardóttir. “Fornleifaskráning fyrir Vestmannaeyjar, Fyrri hluti - heimildir”. Byggðasafn Skagfirðinga, Glaumbæ, 2002. Skýrsla númer 10. Bls 54.

Heimildarmenn:

Sigurður Smári Benónýsson Skipulags- og byggingarfulltrúi Vestmannaeyjum.

Mjöll Snæsdóttir fornleifafræðingur.

Víglundur Þorsteinsson hleðslumaður.

Ljósmyndir: Katrín Gunnarsdóttir 31/08 2009.

Forsíðumynd horft til norðausturs yfir Skansinn.

Loftmynd af svæðinu er á öftustu síðu.



Mynd 1. Horft að virkinu til vesturs, áætluð lega strengsins er í stíginn milli virkisveggjana.



Mynd 2. Horft inn í virkið til austurs, sjá má eldri hleðslur beggja megin stígsins, inngangur í virkið fyrir miðri mynd.



Mynd 3. Horft til norðvestur að austurhlíð virkisvegsins, eldri hleðslur í brekkunni að veggnum. Stígurinn þar sem stengurinn mun liggja er þvert yfir myndina.



Mynd 4. Horft í vestur eftir áætlaðri leið strengsins þegar hellulögn innan virkisins endar.



Mynd 5. Loftmynd Verkís af svæðinu. Norður til vinstri. Leið strengsins er sýnd í bleikum lit.